

um lýsisherzluverksmiðju.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Ólafur Jóhannesson,
Einar Ingimundarson, Björn Pálsson, Jón Þorsteinsson,
Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna möguleika á sölu hertrar sildarfeiti á erlendum mörkuðum og gera að öðru leyti rækilegar rannsóknir á því, hvort nú sé orðið tímabært að byggja á Siglufirði verksmiðju til herzlu síldarlýsis, samkv. ákvæðum laga nr. 93 frá 1942. Síni rannsóknirnar hagstæða útkomu, skal þegar hefja byggingu verksmiðjunnar.

Greinargerð.

Sumarið 1942 samþykkti Alþingi lög um að reisa nýjar síldarverksmiðjur. Í niðurlagi 1. gr. þeirra laga er svo hljóðandi ákvæði:

„Enn fremur lætur ríkið reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, þegar rannsóknir sýna, að það sé tímabært.“

Árin liðu, en verksmiðjan var ekki reist. Á Alþingi 1944 flutti Sigurður Kristjánsson, þá 7. þm. Reykvíkinga, svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar um þetta mál:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framkvæma svo fljótt sem auðið er fyrir mæli síðari málsgr. 1. gr. laga nr. 93 25. sept. 1942.“

Tillaga þessi var samþykkt í sameinuðu Alþingi 5. jan. 1945. Á næstu árum var keypt eitthvað af vélum til væntanlegrar lýsisherzluverksmiðju, en verksmiðjan var ekki reist. Hinn 18. nóv. 1948 urðu umræður um málið í sameinuðu Alþingi, í tilefni af fyrirspurn frá Áka Jakobssyni, þáv. þm. Siglufirðinga.

Árið 1961 bar Björn Pálsson, 5. þm. Norðurlandskjördæmis vestra, og 3 aðrir þingmenn, fram tillögu á Alþingi um málið. Hún var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram rannsókn á því, hvort tímabært sé að reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, sbr. 1. gr. laga nr. 93 25. sept. 1942.“

Tillögu þessari var vísað til þingnefndar til athugunar, en hlaut þar ekki afgreiðslu.

Dagana 19. og 20. sept. 1964 var haldin á Siglufirði ráðstefna um atvinnumál að tilhlutan verkalýðsfélaganna þar. Á ráðstefnunni var gerð eftirfarandi ályktun:

„Ráðstefna verkalýðsfélaganna á Siglufirði um atvinnumál Siglufjarðar skorar eindregið á ríkisstjórn að undirbúa framkvæmd laga um byggingu lýsisherzluverksmiðju og láta reisa hana á Siglufirði.“

Leggur ráðstefnan áherzlu á, hve afar mikla þýðingu það hafi, jafnt fyrir atvinnuuppbyggingu bæjarins sem efnahagslíf landsins, að slík verksmiðja yrði reist hér.“

Nú eru liðin 22 ár síðan lögin um lýsisherzluverksmiðju voru samþykkt á Alþingi, en verksmiðjan hefur enn ekki verið reist. Flutningsmenn þessarar tillögu telja rétt, að nú sé gerð gangskör að því að kanna markaðsmöguleika fyrir útfluttar afurðir frá lýsisherzluverksmiðju og rannsaka að öðru leyti, hvort nú sé orðið tímabært að reisa slíka verksmiðju á Siglufirði. Þá er lagt til, að bygging verksmiðjunnar skuli hafin án tafar, ef rannsóknirnar sýna hagstæða útkomu.